

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 2026

Haldinn á Park Inn í Reykjanesbæ

1. **Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.**

Ólöf Þórðardóttir setur 76. aðalfund BÍL og býður fundargesti velkomna. Hún stingur upp á Brynju Ýr Júlíusdóttur sem fundarstjóra og Birgittu Ösp Smáradóttur til vara og Fanneyju Valsdóttur sem fundarritara og til vara Höllu Rún Tryggvadóttur og er það samþykkt með lófataki. Fundarstjóri tekur við keflinu og býður alla velkomna til Keflavíkur.

2. **Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.**

Fundarstjóri gefur kjörnefnd orðið og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir fer fyrir nefndinni þar sem Axel Vatnsdal, formaður nefndarinnar er fjarverandi. Hún les upp þau félög sem sent hafa inn kjörbréf og Gerður Halldóra og Sigríður Hafsteins afhenda atkvæðaspjöld til félaganna. 15 félög eru með atkvæðisrétt en það kemur í ljós að fulltrúi er mættur fyrir félag sem ekki hefur sent inn kjörbréf. Það er gengið í að sækja um það og verður atkvæðaseðill afhentur þegar kjörbréf verður komið í hús og verða því 16 félög með atkvæðisrétt á fundinum.

Hún kannar síðan lögmæti fundar og er hann löglegur.

Sigríður Lára fer yfir stöðu mála varðandi stjórnarkjör. Í ár ljúka setu í aðalstjórn, Anna María Hjálmarisdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir og Hanna Margrét Kristleifsdóttir. Jónheiður gefur ekki kost á sér áfram en Anna María og Hanna Margrét gefa báðar kost á sér áfram. Daði Freyr Þorgeirsson og Pétur St. Arason eiga að ganga úr varastjórn og bjóða báðir sig fram til áframhaldandi setu. Sigríður Lára óskar eftir framboðum í þrjú sæti í aðalstjórn og 2 sæti í varastjórn og áréttar að öllum sé frjálst að bjóða sig fram til setu í stjórn Bandalagsins.

3. **Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.**

Úlfhildur Örnólfsson les menningarstefnu Bandalags íslenskra leikfélaga.

4. **Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.**

Hörður stígur í pontu og segir frá að 41 leikfélag af 42 hafi greitt árgjald á liðnu ári. Tvö félög hafa óskað eftir að vera tekin af skrá, þar af annað þeirra sem skráði sig til leiks fyrir tveimur árum en hefur ekki verið með neina starfsemi. Eftirtalin félög óska eftir að vera tekin af skrá

- Leikfélag Reyðarfjarðar
- Leikfélag Þórshafnar

Engin ný félög hafa óskað eftir inngöngu og því eru 40 félög skráð undir hatti Bandalagsins.

Nú var tekin smá hjáleik frá auglýstri dagskrá og fundargestir fengnir til að kynna sig og frá hvaða félagi þau koma.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Hörður stígur í pontu og segir fundargerð síðasta aðalfundar hafa verið senda út á sínum tíma og hafi jafnframt verið aðgengileg á heimasíðu Bandalagsins síðan þá og því teljist ekki ástæða til að lesa fundargerðina en kallar eftir athugasemdum. Engar athugasemdir koma fram og er hún því borin til atkvæða og samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla stjórnar

Ólöf les skýrslu stjórnar:

“Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Lögð fram á aðalfundi í Reykjanesbæ 2. – 3. maí 2026

I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, formaður

Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, varaformaður

Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, ritari

Sigrún Tryggvadóttir, Kópavogi, meðstjórnandi

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Bjarklind Þór, Daði Freyr Þorgeirsson, Fanney Valsdóttir, Pjetur St. Arason og Úlfhildur Harne Örnólfsson.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð BÍL er Hörður Sigurðarson.

Stjórn hélt sex starfsfundi á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Vatnsholti og fjóra í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og þann síðasta hér í Reykjanesbæ. Fjarfundarbúnaður var notaður sem og hópsamskipti til að leysa úr ýmsum málefnum.

Er stjórn, skólanefndarfélagi, afmælisnefnd og starfsráði þökkunni góð samvinna á árinu og Herði framkvæmdastjóra er einnig þakkað fyrir gott samstarf.

II. Starfsemi félaganna

Á síðasta ári sendu 29 félög inn styrkumsókn vegna leikársins 2025-2026, vegna 62 leiksýninga og leikþátta, 28 námskeiða og 34 nemenda í Leiklistarskóla Bandalagsins sumarið 2025. Styrkur var veittur vegna 61 leiksýningar- og þátta og 28 námskeiða. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 570.791 kr. Ársritið okkar inniheldur allar frekari upplýsingar um starfsemina. Tölur um umfang starfsins á

Þessu leikári liggja ekki fyrir, en það hefur verið mjög kraftmikið. Aðildarfélög Bandalagsins voru í vor 42 talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í maí 2025 var að venju samþykkt starfsáætlun og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnum. Þessi setning helst óbreytt inni að venju og mikið sem það væri gott að geta sleppt henni.

Vefurinn okkar leiklist.is hefur verið í endurgerð og unnið var í því að auðvelda notkun, gera hann aðgengilegri jafnframt því að fríska upp á útlit. Framkvæmdastjóri segir nánar frá þeirri vinnu hér síðar á fundinum. Vefurinn er ómissandi stjórnþæki fyrir okkur og nýtist félögum vel fyrir almennan fréttáflutning af starfseminni ásamt því að halda utan um umjónarkerfið fyrir styrkumsóknir og aðrar umsóknir, Leikhúsbúðin vel aðgengileg, upplýsingagjöf, fundargerðir ásamt skjalavörslu fyrir stjórn og nefndir og margt fleira.

Leikritasafnið telur nú vel á fimmta þúsund titla og er skráning á þeim misnákvæm. Hafin er vinna við nýtt kerfi sem leyfir ríkari skráningu á uppsetningum og leikritum. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að fá styrk til þeirrar vinnu undanfarin ár en án árangurs enn sem komið er.

Um skólann munu skólastýri flytja skýrslu hér á eftir.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Gerður hefur verið 3ja ára samningur við Menningarráðuneytið sem tók gildi um þarsíðustu áramót. Framlag var hækkað í 8 milljónir á ári (var 6,5 milljón og hafði verið að meðaltali síðan árið 2019).

Eftir margra ára sult og seyru og sílækkandi framlag til starfsemi áhugafélaganna, náðist loks í gegn umtalsverð hækkun á þeim lið á fjárlögum. Það má að mestu leyti þakka starfi starfsráðsins sem sett var á laggirnar á aðalfundi 2024 í þeim tilgangi að knýja á um hækkun frá skerðingunni sem varð í kjölfar hrunsins og hafði aldrei verið leiðrétt. Starfsráð ásamt framkvæmdastjóra vann markvisst í því að þrýsta á kjörna fulltrúa, ekki síst þá sem sátu í fjárlaganefnd. Ráðinu tókst einnig að virkja marga almenna félagsmenn vítt og breitt um landið til að koma að máli við sína þingmenn og aðra stjórnámálamenn. Sú vinna fór að mestu fram fyrir alþingiskosningar haustið 2024 enda er það kjörtími til slíkrar vinnu eins og allir vita.

Að lokum fór svo að tímabundið aukaframlag upp á 20 milljónir kr. var samþykkt á fjárlögum 2025 til starfsemi áhugaleikfélaganna og hífði það heildarframlagið upp í 37 milljónir sem er mikil búbót þó ekki leiðrétti það að fullu skerðinguna eftir hrún.

Það var svo allnokkur spenna að sjá hvað yrði um framlagið á fjárlögum 2026. Starfsráð var í sambandi við ýmsa til að þrýsta á okkar mál og má segja að varnarsigur hafi unnist þegar samþykkt var 30.4 milljóna kr. framlag á þessu ári.

Sérverkefni

Framlengja skipan starfsráðs sem heldur áfram vinnu við að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.

Starfsráð var skipað til áframhaldandi starfs á síðasta aðalfundi en það er skipað þeim Bernharði Arnarsyni, Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Magnþóru Kristjánsdóttur og Axeli Vatnsdal.

Starfsráð mun flytja skýrslu hér á eftir.

Að stjórn skipi þriggja manna afmælisnefnd vegna 75 ára afmælis BÍL og vinnur hún úr tillögum vinnuhópa á aðalfundi og skipuleggur viðburði vegna þess.

Afmælisnefnd var skipuð og er skipað þeim Ingvaldi Láru Þórðardóttur, Ernu Björk Hallberu Einarsdóttur, Maríu Björt Ármannsdóttur og Stefaníu Elísabetu Hallbjörnsdóttur.

Afmælisnefnd mun flytja skýrslu hér á eftir.

IV. Önnur mál

*Athyglisverðasta sýning ársins var valin af Þjóðleikhúsinu og var það Leikfélag Hólmavíkur sem hlaut þann heiður með sýningunni 39 þrep og var hún sýnd á sviði Þjóðleikhússins í lok maí 2025.

*Framkvæmdastjóri fór á fund í Helsinki þann 07. – 09. október 2025 þar sem starfsmenn skrifstofanna á Norðurlöndunum hittust og voru að ræða verkefni sem snýst um það að safna tölfræðiupplýsingum um áhrif áhugaleiklistarhreyfingarinnar á Norðurlöndunum. Finnarnir sóttu um styrki til að senda út spurningalista til allra áhugaleikfélaga á Norðurlöndunum um stöðu mála svo hægt sé að vinna úr og beita sem þrýstingi á stjórnvöld. Styrkur hefur verið veittur til Nordisk Kulturfond að upphæð DKK 110.000 sem að verður nýttur í að semja könnun. Framkvæmdastjóri BÍL mun sækja um styrk fyrir þeirri vinnu sem fara þarf fram við fyrirlögn könnunar hér á landi.

*Formaður og framkvæmdastjóri fóru í ágúst 2025 á 41 AIATA/IATA þing í Mónakó. Á þinginu var kosinn nýr forseti IATA – Sofia Wegelius, sem starfaði áður með NEATA sem formaður. Á þessum sama fundi hélt NEATA aðalfund sem Hörður og Ólóf sóttu. Einnig var tekið þátt í Workshop á þinginu og einnig sáu þau fimm leiksýningar. Næstu þing og leiklistarhátíðir verða eftirfarandi: 2027 – Nýja Sjáland, 2029 – Mónakó og 2031 – Kína.

Næsti NEATA fundur verður haldinn í Rakvere í Eistlandi 09. – 13. júlí og mun Hörður vera okkar fulltrúi á þeim fundi. Í fyrsta sinn í nokkur ár verður haldin fullbúin NEATA leiklistarhátíð og verða

fulltrúar Íslands frá Hugleik með leikverkið Fjöllin vakna sem leikhópurinn hefur sjálfur samið undir handleiðslu Maríu Bjartar leikstjóra og Birgittu Bjarkar aðstoðarleikstjóra og textasmiðs. NEATA þarf að kjósa nýjan forseta á næsta fundi og hefur þess verið farið á leit við Hörð framkvæmdastjóra að gefa kost á sér í það embætti.

Við erum loksins komin með fulltrúa í NEATA Youth og heitir hún Sigrún Birta Ásgeirsdóttir og kemur úr Leikfélagi Mosfellssveitar.

*Beiðni okkar um fund með Loga Einarssyni ráðherra sem fer með okkar mál hefur enn ekki verið svarað eftir bið í meira en eitt ár sem er ekki ásættanlegt.

*Við erum enn á Kleppsmýrarvegi 8. Eins og áður hefur komið fram á síðustu fundum er Reykjavíkurborg að reyna að kaupa húsið. Nýjustu fréttir frá leigusala er þær að það er komin hreyfing á málin og má gera ráð fyrir því að eitthvað fari að gerast næstu mánuði eða misseri. Við erum með þriggja mánaða uppsagnarfrest og þurfum að fara að skoða okkur um eftir nýrri aðstöðu. Við getum ekki annað gert en beðið átekta.

*Stefnt er að því að gera nýjan samning við Rithöfundasambandið um höfundagreiðslur, mögulega í sumar.

*Í gangi er alþjóðlegt verkefni sem þátt taka í Finnland, Noregur, Færeyjar og Ísland undir heitinu Drama Education for Disabled People/ Digital Book in English. Markmiðið er að til verði kennsluefni fyrir leiklistarkennslu fyrir fatlað fólk. Framkvæmdastjóri hafði milligöngu um að finna samstarfsaðila hérlandis sem er Fjölleikhúsið. Fjölleikhúsið er leikhópur fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir.

Þetta hefur verið frábært ár og leiklistin um land allt verið með öflugasta móti og allt lítur út fyrir að fjöldi sýninga hafi verið nokkuð fleiri en fyrra ár sem ber að fagna. Við þurfum að vera til staðar fyrir hvert annað, sækja sýningar hjá öðrum félögum og sýna þannig stuðning. Stjórn og framkvæmdastjóri eru alltaf tilbúin til að tala við félögin og vera til aðstoðar. Komið við í þjónustumiðstöðina okkar í Reykjavík eða kikið á vefinn, verið dugleg að senda inn fréttir og tilkynningar þannig að aðrir geti fylgst með hvað verið er að gera um allt land.

Ég óska þess að komandi starfsár okkar verði fullt af leiklist, viðburðum og mikilli gleði út um allt land.
“

Fundarstjóri þakkar Ólöfu fyrir góða skýrslu og býður Herði að leggja fram og kynna ársreikning Bandalags íslenskra leikfélaga.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Stjórnarliðar hjálpast að við að dreifa ársreikningum og Hörður stígur síðan í pontu. Hann byrjar á að segja frá að hann hafi fengið athugasemd um að reikningar sem dreifðir voru til fundarmanna væru

óundirritaðir en það kemur fram í smáa letrinu að undirritaðir reikningar séu til sýnis hjá honum ef einhver vill skoða til öryggis. Hörður kynnir síðan reikninga.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Nokkrar óformlegar fyrirspurnir bárust úr sal. Upphæð vegna síma og nets þykir heldur há. Ábending um að hægt sé jafnvel að fá betri „díl“ frá Securitas fyrir öryggisgæslu. Óskað eftir betri skýringum á réttindagreiðslum og spurning varðandi notkun á greiðslumiðlun Rapyd.

Hörður svarar, segir að meira sé innifalið í þessari tölu en bara sími og net, t.d. sé þar einnig um að ræða hýsingu á vef, nettengingu, áskrift á ja.is. Hluti af kjörum framkvæmdastjóra er að Bandalagið greiðir internettengingu fyrir hann. Segist sáttur við Nova, þægindi varðandi vinnusíma þá er langlínunúmer tengt við hans gsm síma. Eitt og annað sem hægt er að gera sem auðveldar hans vinnu en Hörður segist vissulega opinn fyrir öðru ef það eru til betri „dílar“ fyrir sömu þjónustu. Varðandi réttindagreiðslur var þetta gert í samráði við skoðunarmenn til að gera þetta skýrar í reikningum fyrir almenna félagsmenn. Skýrt hvað kemur inn, hvað fer út og hvað stendur eftir fyrir félagið. Ef einhver vill gera þetta öðruvísi þá er hann opinn fyrir þeirri umræðu. Varðandi Rapyd segist Hörður ekki skipta sér af pólitískum málum og á meðan enginn getur komið með fjárhagslegar ástæður fyrir því að breyta til þá verði ekki hreyft við þessu.

Reikningar og skýrsla voru síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Ingveldur les skýrslu afmælisnefndar.

Afmælisnefnd BÍL 2025-2026 – skýrsla

Stofnfundur afmælisnefndar, sem sett var á fót skv. ákvörðun aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga 2025, var haldinn í Leifshúsum á Svalbarðsströnd í september 2025.

Nefndin var skipuð Ingveldi Láru Þórðardóttur, Stefaníu Elísabetu Hallbjörnsdóttur, Ernu Björk Hallberu Einarsdóttur og Maríu Björt Ármannsdóttur. Fundir og samskipti nefndarkvenna fóru að mestu fram netleiðis.

Fljótlega lá fyrir að viðburðir vegna 75 ára afmælis BÍL yrðu tveir, annar fyrir jól og hinn að vori og yrði sá stuttverkahátíð í tengslum við ársþing Bandalagsins í maí.

Afmælisnefnd samdi „heróp“ sem sent var út til leikfélaganna í pósti í byrjun nóvember og var því ætlað að vera innblástur fyrir afmælskveðjur til Bandalagsins í myndbandsformi sem streymt yrði á netinu þann 7. desember. Félögin voru hvött til þess að bjóða meðlimum til afmælsveislu og horfa saman á streymið. Nokkur félög sendu inn myndbönd og var einstaklega ánægjulegt að sjá hugmyndaauðgina og leikgleðina sem birtist í þeim. Framkvæmdastjóri hélt utan um móttöku og útsendingu myndbandanna og bætti við einstaklega skemmtilegri ljósmyndasýrpu úr starfsemi leikfélaganna í gegnum tíðina. Hægt er að sjá þennan afrakstur á Youtube síðu bandalagsins.

Fyrirmæli vegna stuttverkahátíðar að vori voru send út í sama pósti í nóvember. Sjö leikfélög sýndu átta verk á hátíðinni, sem haldin var föstudaginn 1. maí 2026 í Frumleikhúsinu í Keflavík. Mikil gleði ríkti á hátíðinni.

Afmælisnefnd lýkur hér með störfum sínum og þakkar leikfélögunum þátttökuna og framkvæmdastjóra samstarfið og aðstoðina.

Hörður skýtur inn að allar afmælskveðjurnar frá því í desember séu á youtube og ennþá hægt að skoða þær þar.

Elli flytur skýrslu skólanefndar.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL í Reykjanesbæ 2. maí 2026

Á liðnu starfsári sátu í skólanefnd F. Elli Hafliðason formaður, Jónheiður Ísleifsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Hrefna Friðriksdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdastjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólinn var haldinn að Reykjum í Hrútafirði sumarið 2025 í 28. skipti og boðið var upp á þrjú námskeið:

Leiklist II - Kennari var Ágústa Skúladóttir.

Leikritun II - Kennari var Karl Ágúst Úlfsson.

Sérnámskeið fyrir leikara, trúðanámskeið - Kennari var Gríma Kristjánsdóttir og var hún að kenna hjá okkur í fyrsta sinn.

Nemendur voru 47 og benti viðhorfskönnun almennt til mikillar ánægju með skólastarfið. Við erum sérstaklega ánægð með að viðhalda tengslum við þrautreynda kennara sem eru svo ánægðir með skólann að þeir koma aftur og aftur en ekki síður að fá nýja og metnaðarfulla kennara til starfa sem voru áður nemendur við skólann. Auk nemenda voru þrír höfundar í heimsókn síðasta sumar.

Samstarf við UMFÍ gekk afar vel, nú var fleira starfsfólk til staðar og aðstaða batnar með hverju árinu. Hlökkum við til áframhaldandi samstarfs við ungmennafélagið.

Förðunarnámskeið var haldið í janúar síðastliðnum í aðstöðu Reykjavík Makeup School. Kennari var hin þrautreynda Ásta Hafþórsdóttir. Nemendur voru 14 og komust færri að en vildu. Mikil ánægja var með námskeiðið samkvæmt viðhorfskönnun.

Árið 2026 er skólinn ráðgerður frá 20.-28. júní. Boðið er upp á fjögur námskeið:

Leiklist I - Kennari er Ágústa Skúladóttir. Skráðir eru 16 nemendur.

Sérnámskeið í leikritun - Kennari er Karl Ágúst Úlfsson. Skráðir eru 12 nemendur.

Improvsnámskeið - Kennari er Gríma Kristjánsdóttir. Skráðir eru 16 nemendur.

Complete vocal technique - Kennari er Þórhildur Örvarsdóttir, sem kenndi námskeiðið síðast í skólanum árið 2010, og er afar ánægjulegt að fá hana aftur til starfa. Skráðir eru 10 nemendur.

Biðlistar eru á öll námskeið, jafnvel langir biðlistar og hefur áhuginn aldrei verið meiri. Raunar var álagið svo mikið þegar opnaði fyrir umsóknir að kerfið fór í kerfi og lá niðri í skamma stund, en það leystist fljótt úr því. Alls sótti 71 aðili um 54 laus pláss og er það metfjöldi, en einnig verður metfjöldi nemenda í skólanum í ár.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir endurnýjuðu samstarfi við kennara sem hefur ekki verið hjá okkur lengi sem og samstarfi við þá sem hafa verið með okkur síðustu ár. Hlökkum mikið til að njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

Sigga Lára flytur skýrslu starfsráðs.

„Skýrsla Starfsráðs 2025 - 2026

Í nefndinni sátu:

Axel Vatnsdal

Bernharð Arnarson

Magnþóra Kristjánsdóttir

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Starfsráð hélt áfram starfi sínu og vorum við sæmilega ánægð með að sjá að 20 milljóna aukaframlag var ekki dregið til baka, þótt það héldist ekki að fullu inni.

Þessar rúmu 30 milljónir eru, eins og fram kom í skýrslu stjórnar, varnarsigur. Miðað við að áætlun gerði ráð fyrir því að styrkurinn færi úr 15 milljónum niður í 13 um þessar mundir.

Við ákváðum þó að senda inn athugasemd, með svipuðum rökum og árið áður, þar sem nú vorum við komin með nýja fjárlaganefnd.

Við höldum einn fjarfund í haust þegar fjárlagafrumvarp lá fyrir og endurskoðuðum athugasemdir okkar frá fyrra ári.

Ástæða þess að starfsráðið var stofnað á aðalfundi 2024 var að þá var þessi styrkur orðinn algjört klink þegar búið var að skipta honum niður á starfsemi félaganna, sem okkur þótti ansi mikil öfugþróun vegna þess að á sama tíma hefur verkefnum félaganna fjölgað jafnt og þétt, og satt að segja komu mörg leikfélög bara sprúðlandi af starfsemi undan Covidinu.

Þá þótti okkur þessi nirfilsskapur ríkisins skjóta skökku við þegar samfélagsumræða um félagslega einangrun fólks í samfélaginu, skjánotkun og svo framvegis, hafði verið mikið í umræðunni í tengslum við lýðheilsu. Þarna hefur orðið mikil vakning og við vildum vekja athygli stjórnvalda á þessu

ósamræmi. Og það þykir okkur hafa tekist sæmilega, en betur má ef duga skal. Helst vildum við að ríkisstyrkurinn fyrir uppsetningu leikfélags sé sem nemur launum leikstjóra. Þangað viljum við stefna.

Svo er auðvitað ansi öfugt að þetta sé einn pottur sem skiptist á milli félaganna, þannig að því meiri sem starfsemi félaganna er því minna kemur í hlut hvers félag. En þeim bát ruggum við kannski ekki í bili, ekki á meðan við erum að reyna að fá heildarframlög hækkuð.

Uppreiknuð upphæð miðað við að styrkur ríkisins til starfsemi áhugaleikfélaga haldi verðgildi sínu var um 49 milljónir og hefur vafalaust hækkað eitthvað á undanförunum árum. Við reiknum því með því að halda áfram samtali við fjárlaganefnd og aðra þingmenn og ráðherra sem hafa með starfsemi okkar að gera um að halda áfram hækkunum á styrk til áhugaleikfélaganna.“

Fundarstjóri þakkar fyrir góðar skýrslur og boðar kaffihlé.

KAFFIHLE 15 MÍN

Áður en opnað er fyrir umræður um skýrslur stjórna kom Sigríður Hafsteins í pontu og minnti á að opið sé fyrir framboð til stjórnar og hvetur fólk til að bjóða sig fram.

Fundarstjóri opnar síðan fyrir umræður um skýrslur stjórna.

Jónheiður kom í pontu til að segja þeim sem ekki hafa komið í skólann aðeins frá skólanum. Segir einstaka upplifun að koma í skólann og biður stjórnarfólk að fylgjast vel með þegar dagskrá næsta árs verður kynnt og koma upplýsingum til síns fólks. Hvetur jafnframt til að fólk sækji um strax og opnar fyrir umsóknir. Það er mikill metnaður hjá skólanefnd og mikið gert til að fá hæfa kennara til starfa í skólanum.

Spurning kemur úr sal varðandi aðstöðu á Reykjum, hvort gufan komi til með að komast í lag á næstunni. Elli svarar að það sé á langtímaplani að bæta aðstöðu á Reykjum. Búið að vinna aðeins fram í tímann en á von á að það verði einhver ár í að gufan komist í lag. Það er samt heilmikið sem hefur verið gert og mikið sem liggur fyrir að gera.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Ólöf kynnir starfsáætlun sem er í meginatriðum sú sama og í fyrra hvað viðkemur almennri starfsemi en sérverkefnin muni taka breytingum. Sigrún skiptir fundargestum í 6 hópa þar sem hópstjórar eru: 1. - Jóhanna, 2. - María Björk, 3. - Benóný, 4. - Birgitta Ösp, 5. - Óli Þórðar og 6. - Guðfinna. Áður en hóparnir taka til starfa tekur Hörður til máls og segir frá þróunarvinnu við að uppfæra leikritasafnið og hugmyndum um að búa til eins konar IMBD yfir þá sem starfa í áhugaleikfélögunum. Sýnir prototýpu að þessari síðu sem kemur til með að tengjast heimasíðu Bandalagsins og kallast Kvasir. Hann segir vinnu langt komna en hugmyndin er að leikfélög sjái sjálf um að taka saman upplýsingar um hvert leikverk sem sett hefur verið upp hjá félaginu ásamt upplýsingum um bæði listræna stjórnendur sem og leikara og aðra þátttakendur. Segir þetta geta verið gott innlegg í umræður um starfsáætlun undir sérverkefni. Starfsáætlun síðasta árs er dreift til fundarmanna og gestir beðnir um að hafa hana til

hliðsjónar þegar starfsáætlun verður rædd. Reiknað er með að almenn starfsemi verði á sömu nótum og fyrri ár en breyta þurfi sérverkefnum þar sem þau eigi ekki við lengur.

Drög að starfsáætlun

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilium til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Framlengja skipan starfsráðs sem heldur áfram vinnu við að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.

Hópar taka til starfa klukkan 11:15 og vinna fram að hádegismat sem er fyrirhugaður kl. 12:00 og að hádegishléi loknu kl. 13:00 koma fundargestir saman áður en vinnu í hópum er haldið áfram.

HÁDEGISHLÉ 1 KLUKKUSTUND

Hörður kemur með tvær tilkynningar áður en hópavinna hefst aftur, annars vegar um fyrirkomulag varðandi greiðslu fyrir gistingu og mat og hins vegar um sýningu leikskráa og plakata. Gerður í kjörnefnd tilkynnir um þau framboð sem hafa borist og lætur jafnframt vita að það er enn hægt að bjóða sig fram. Hópar halda áfram umræðum í 15 mínútur í viðbót.

Hópstjórar kynna niðurstöður hópanna.

Hópur 1:

Aðalfundur BÍL 2026 - starfsáætlun

Jóhanna S Ingólfssdóttir Freyvangsleikhúsið

Sigga Hafsteins Leikfélag Selfoss

Elísa Hallgrímsdóttir Leikfélag Vestmannaeyja

Júlía Ingvarsdóttir Leikfélag Hveragerðis

Tara Sól Sveinbjörnsdóttir Leikfélag Keflavíkur

Örn Alexandersson Leikfélag Kópavogs

Oddfreyja H. Oddfreysdóttir Leikfélag Kópavogs

Jóhanna Jeanne Freyvangsleikhúsið

Mekín Guðmundsdóttir Leikfélag Flateyrar

Almenn verkefni

Verkefni 1 rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistar skóla, leiklistavefs og annara fasta liða í starfseminni

Spenningur fyrir verkefni Harðar um leiklistarvefinn. Frábært að uppfæra vefinn oft, væri gott að fá ný handrit inn sem fyrst svo önnur leikfélög hafi aðgang að þeim sem fyrst.

Uppfæra almannaheillaskrá BÍL, fannst ekki inn á skattinum, hugmynd að stofna nefnd fyrir almannaheillaskrá.

Áhyggjur af þjónustumiðstöðinni ef við missum húsnæðið, tala við sviðslistamiðstöð um tímabundna aðstöðu.

Tvö holl í náminu og grunnnámskeið á hverju ári.

Verkefni 2 leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna

Almannaheillaskrá undir því og að Bandalagið haldi áfram að leita eftir styrkjum.

Reka á eftir svari frá Loga hvort sem það er að ítreka tölvupósta eða hringja eða hvað sem þarf, kannski bara mæta heim til hans.

Sérverkefni

Framlengja skipan starfsráðs sem heldur áfram vinnu við að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum

Endilega framlengja það.

Leggjum til að hafa nefnd fyrir NEATA og 80 ára afmæli BÍL saman 2030.

Heimildamyndin frumsýnd á afmælisdegi BÍL skólans.

Auka hugmynd

Jóhönnu S. vantar aðstoð við að hanna þrjónauppskrift fyrir BÍL til að selja (þrjónapakki).

Hópur 2:

Starfshópur 2

Hópstjóri: María Björk

Sigga Lára Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Halla Rún Leikfélag Húsavíkur, Anna Margrét Leikfélag Kópavogs, Níels Freyvangsleikhúsið, Steinunn Leikfélag Flateyrar, Davíð Leikfélag Hveragerðis, Margrét Steinunn Leikfélag Vestmannaeyja.

Ánægð með það sem Hörður er að gera með síðuna.

Reyna aftur að fá fund með Loga Einarssyni.

Skoða breytingu á lögum, 19. grein "Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar."

Breyta því í ráðuneyti menningarmála.

Ætti að kjósa í starfsráð, spurning hvort það séu fleiri sem vilja vera með og geti skipt með sér ráðherrum, mögulega einhverjir sem þekkja til.

Skipa afmælisnefnd fyrir 80 ára afmælið.

Leiklistarhátíð fyrir 80 ára afmæli NEATA.

- Hugmynd að hafa það á Akureyri.

- Ágúst eða september.

- Gott að hafa nægan tíma til að finna stað til að vera, gisting, sýningarrými.

- Æfing í að ferðast með leiksýningu.

Hópur 3:

Bryndís Guðjónsdóttir – Leikfélag Vestmannaeyja

Stefanía Björnsdóttir – Hala leikhópurinn

Guðný Hrönn Sigmundsdóttir – Leikfélag Kópavogs

Sævar Logi – Leikfélag Hveragerðis

Viktor Páll – Leikfélag Flateyrar

Brynhildur Sveinsdóttir – Leikfélag Mosfellssveitar

Gerður Halldóra Sigurðardóttir – Leikfélag Selfoss

Hjördís Berglind – Leikfélag Kópavogs

Benóný Valur Jakobsson – Leikfélag Húsavíkur – Hópstjóri

Almenn verkefni:

Húsnæði BÍL:

Hvað er það sem tekur mest pláss hjá BÍL, væntanlega handritasafnið. Tekur um 10fm.

Öll handrit orðin rafræn en öðru hverju kemur fólk sem vill fletta í pappírur.

BÍL skólinn:

Gengur vel. Spurning um að bæta við námskeiði/um og geta þannig fjölgað þátttakendum. Líklega ekki hægt vegna plássleysis og þá missum við þetta persónulega „touch“.

Námskeið utan skóla:

Halda tækninámskeið í leikhúsunum, reyndur tæknimaður fari á milli leikfélaga og bjóði kannski nágranna félögum þátttöku.

Spurning um að halda líka stjórnunarnámskeið, fyrir stjórn leikfélaga, með áherslu á markaðsmál og samfélagsmiðla.

Námskeið í leikmyndagerð, leikgervagerð og þess háttar.

Grunnur/vefsíða:

Við teljum að stjórn ofmeti getu fólks til að nýta grunninn.

Nýttist best unga fólkinu.

Getur nýst vel sem partur af skilum þegar búið er að setja upp sýningu.

Spurning um gögn frá Leikfélögum sem ekki eru starfandi lengur, hversu langt aftur á að fara. Mörg leikfélög sem kannski hafa ekki allar þessar upplýsingar tiltækar.

Áhugavert verkefni en gæti orðið flókið í framkvæmd. Spurning hvort betra væri að forrita framenda til að fylla inn í.

Þetta verður söguleg heimild.

Peningamál:

Látum ákvæðið nr. 2 í almenn verkefni standa óbreytt.

Sérverkefni:

Liður 1 má halda sér óbreyttur.

NEATA:

Ísland er NEATA 2030

Taka út afmælisnefnd og setja inn í staðinn NEATA nefnd og afmælisnefnd fyrir 2030.

Hópur 4:

Birgitta Ösp Smáradóttir - Leikfélag Keflavíkur

Birgitta Brynjarsdóttir- Freyvangur

Steinunn Þorsteinsdóttir - Leikfélag Kópavogs

Erla Guðný Pálsdóttir - Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Selma Ýr Ívarsdóttir - Leikfélag Hornafjarðar

Arnar Helgason - Leikfélag Keflavíkur

Eden B. Hróa - Leikfélag Hörgdæla

Gunnar Ingi Hrafnsson - Litli leikklúbburinn

Leiklistarvefur

Hverjir eru að vinna að Kvasir verkefninu?

- Þurfum við að bæta við starfsfólki eða er Hörður með þetta?

- Gott ef fólk geti bætt inn sjálf á mínar síður.
- Getum við gefið t.d. leikstjórum einkunn?
- Koma upp einhverju kerfi til þess að halda utan um búninga og props.
 - Verið að vinna í einhverjum svoleiðis vef

Leiklistarskólinn

- Er kominn tími til að stækka skólann?
 - Ráðum við við stækkun?
 - Myndi stækkun verða til þess að fólk myndi tala minna saman milli hópa?
 - Eins og kerfið er núna (leikritun sem dæmi) eru prógrömmirnar svo löng, þú byrjar í leikritun 1 og ert þá dálítið að skuldbinda þig til fjögurra ára til að klára dæmið og ef þú dettur út þarf að bíða svo lengi til að komast aftur inn.
 - Miklu frekar að gera þetta frekar oft á ári en að stækka skólann, myndi líklega missa sjarmann að stækka hópinn en það gæfi fleirum tækifæri til að komast að.
 - Gæti hjálpað með aðsókn að hafa tvö skipti, kannski eitt í byrjun sumars og eitt í lok sumars. Ekki alveg back to back bæði fyrir skólastýri og upp á að það séu meiri líkur á að þeir sem geta ekki nýtt X dagsetningu geti nýtt Y dagsetningu.
 - 54 stærsti skóli sem hefur verið komandi sumar 2026.
 - Mikið til fólkið sem hefur komið áður sem er að skrá sig, þarf ekki að reyna að kynna þetta fyrir nýju fólki?
 - Opna þetta fyrir nýja fólkinu sem er ekki með puttann á púlsinum varðandi dagsetningu opnunar fyrir skráningu og þess háttar.

Meiri upplýsingagjöf frá Bandalaginu?

- Ungt fólk í dag notar lítið FB og tölvupóst, væri hægt að nýta aðra miðla til að koma upplýsingum til þeirra?
- Betri kynningarfundir í byrjun árs.
- Mikið í gangi í uppsetningum hjá félögum í jan-feb, tilvalið að kynna t.d. skólann fyrir fólki þar.
- Félög út á landi oftast eftir á með upplýsingarnar.

Fjármál

- Þau leikfélög sem hafa efni á því borga meira í árgjald til að styrkja við minni félög sem hafa minna á milli handanna?
- Búa til einhvers konar fjáröflunarverkefni sem öll félög myndu taka þátt í, rukka inn til að safna fjármunum sem myndu svo renna til bandalagsins.
 - Söngleikjatonleikar, stuttverkahátíð, farandsýning, morðgátu viðburður.
 - Litlu félögin hafa verið að gera þetta í fjáröflunarskyni nú þegar, hví ekki að stækka það og virkja áhugann sem er til staðar.
 - Erum samt ágætlega stödd núna miðað við oft áður.

Húsnæðismál

- Finna varanlegra húsnæði, erfitt að vera alltaf að flytja á fimm ára fresti.
- 11 miljónir í húsnæðissjóð sem er ekki svo mikið.
- Flókið fyrir bandalagið að eiga húsnæði?
 - Betra að fá rými í langtímaleigu til að losna við fasteignagjöld og tryggingar og fleira sem fylgir rekstri eigin húsnæðis.
- Þarf ekki að vera svona stórt, verið að rífa núverandi húsnæði

Sérverkefni

NEATA mögulega á Íslandi 2030!

[Neata.eu](https://neata.eu) heimasíðan þeirra

- Síðast haldin á Akureyri 2010

Gera eitthvað fyrir 80 ára afmæli BÍL sem verður árið 2030 (sama ár og NEATA væri á Íslandi)

- Verður haldin í DK 2028 á 80 ára afmæli þeirra sambands!
- Búa til einhverja risastóra hátíð
 - Sýna afrakstur félaga landsins það árið, atriði úr leikritum eða söngatriði.

Hópur 5

Hópavinna, hópur 5

Þátttakendur:

Sigríður Rut, Leikfélag Keflavíkur

Baldur Þór, Leikfélag Hörgdæla

Sædis Ólöf, Litli leikklúbburinn

Ólafur Þórðar, Leikfélag Kópavogs, hópstjóri

Ásta, Hugleikur

Baddi Ingimarsson, Freyvangsleikhúsið

Ingveldur Lára, Leikfélag Kópavogs

Birna Jódís, Leikfélag Hornafjarðar

Stjórn kanni möguleika á alþjóðlegum styrkjum í samstarfi við önnur félög/bandalög, t.d. á vettvangi NEATA. Hægt er að leita eftir slíkum styrkjum, jafnvel í samstarfsverkefnum með öðrum smárikjum. T.d. NORA (Noregur, Ísland, Færeyjar, Grænland), þar er hægt að fá allt að 20 m.kr. styrk, Erasmus, norrænt samstarf.

Fósturfélög. Hvetja leikfélögin til þess að kynna sér tengiliðakerfið (fósturkerfið), þ.e. hlutverk tengiliðanna, og nýta sér sína tengiliði. Hver stjórnarmaður er tengiliður við nokkur leikfélög og er til staðar til að veita upplýsingar um hvaðeina og styðja og styrkja félögin.

Án aðstoðar og innspýtingar frá BÍL er hætt við því að félög með veika starfsemi leggist af eða ný félög nái sér ekki á strik. Afar mikilvægt er fyrir okkur öll að hægt sé að styðja við félög á minni stöðum.

Leggjum til að stjórn hvetji leikfélögin til þess að kynna sér starfsemi BÍL og reglur, fundargerðir og fleira á vefsíðu BÍL. Jafnframt er stjórn/framkvæmdastjóri hvött til þess að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar og auðsýnilegar á vefnum. Skv. 7. grein laganna eiga fundargerðir að vera birtar á vefnum sem og í ársriti.

Stjórn gæti mögulega heimsótt leikfélög í landsfjórðungum/landshlutum, safnað saman stjórnnum félaganna og haldið kynningu á t.d. fósturfélagakerfinu, skólanum, ársfundum, þjónustumiðstöðinni o.fl. Hliðarafurð af því gæti verið efling samstarfs félaga í landshlutum.

Leggjum til að BÍL taki saman árlega upplýsingar um sérstyrki til einstakra leikfélaga (frá einkaaðilum og sveitarfélögum) og kynni á aðalfundi, birti tölfræði.

Við fögnum væntanlegum framförum á vefsíðu bandalagsins og ekki síst gagnasafninu Kvasi.

Rætt var um kosti samstarfs leikfélaganna, t.d. varðandi leikmyndir og búnað. Kvasir mun verða regluleg búbót fyrir félögin.

Umræða um skólann: Væri hægt að hafa skólann tvisvar á ári? Aðsókn hefur aukist og tímasetningar henta vissulega ekki öllum. Við viljum líka bæta þekkingu og aðsókn leikfélaganna.

Skólanefnd gæti verið milligöngumaður um styttri námskeið sem færi um landið, sem mögulega gætu orðið kveikja að því að fólk sækti skólann.

Tillaga: Stofnaður verði starfshópur sem vinni að því með skólanefnd að leita lausna að því efla aðgengi leikfélaganna að fagfræðslu. Hópurinn gæti haft opið samtal við leikfélögin til þess að kortleggja þarfir og óskir þeirra.

Stofna starfshóp til að skoða samstarf BÍL við Þjóðleikhúsið, s.s. endurskoða samninginn svo að skýrt sé að Þjóðleikhúsið styrki athyglisverðustu áhugasýninguna með aðstoð og auglýsingum/umfjöllun. Kostnaður fyrir leikfélög getur verið gríðarlega mikill.

Hópur 6 –

Hópavinna á Bandalagsþingi.

Hópur 6 – hópstjóri Guðfinna Gunnarsdóttir.

Hópin skiptuðu auk hópstjóra:

Emil – Hornafirði

Pjetur – Norðfirði,
Aðalsteinn, Kópavogi,
Hjálmar, Freyvangi,
Ingberg, Hveragerði,
Arnar, Vestmannaeyjum.

Hópurinn fór yfir starfsáætlun og ræddi almennt um margvísleg málefni. Margt sem komið hefur fram frá fyrri hópum ræddum við og vorum á svipuðum nótum. Hörður er frábær og ný uppfærsla á leikritasafni lítur mjög vel út. Talsvert var rætt um deilingu á upptökum á sýningum, hópstjóri benti hópnum á að vegna höfundaréttar væri það alls ekki æskilegt að verið væri að deilda upptökum og Bandalagið tæki algjörlega fyrir slíkt. Upptökur eru eingöngu gerðar til að uppfylla skilyrði fyrir umsókn um ríkisstyrk.

Rætt var um stækkun skólans frá ýmsum hliðum, en skólastýri voru á röltinu og svöruðu ýmsum spurningum varðandi málefni skólans. Nefnd voru námskeið sem halda mætti að vetri eins og á bakvið tjöldin og tækninámskeið.

Fram komu hugmyndir að öðruvísi fyrirkomulagi stuttverkahátíðar, með meiri blöndun milli þátttökufélaga. Til dæmis með sameiginlegu verki og blanda saman hópum eða hvað annað sem fólki dettur í hug.

Einnig var rætt um mögulegar vinnustofur í tengslum við næsta aðalfund. Atriði sem nefnd voru sem mögulega umfjöllunarefni:

Fjármál – hlutverk gjaldkera ofl.

Rekstur leikfélaga

Skipurit

Samningar við verktaka – leikstjóra, listræna stjórnendur.

Einnig var rætt um að mögulega væri sniðugt að vera með handbók með hagnýtum upplýsingum fyrir félögin.

Það sem eftir lifði tímans notuðum við til að deila reynslu og segja frá okkar starfi, sem er mjög mikilvægur hluti af þessum hópaumræðum á ári hverju.

Hópur sex er síðasti hópurinn til að kynna sínar niðurstöður og fundarstjóri opnar fyrir umræður um niðurstöður hópastarfs.

Ólöf kveður sér hljóðs, segist aðeins hafa punktað niður þegar hópar kynntu sínar niðurstöður.

Segir góða hugmynd að skella saman 80 ára afmæli og NEATA leiklistarhátíð.

Skólinn – telur ekki gott að stækka, segir að við missum nánd og að það sé of mikið að hafa tvo skóla á ári. Bendir á að skólinn hefur boðið upp á minni námskeið.

Finnst farandkennari góð hugmynd, t.d. ef einhver er að leikstýra úti á landi og er til í að halda einhvers konar námskeið fyrir leikfélögin í kring.

Handbók, gæti verið til eitthvað bæði sem hefur verið gert í sambandi við þing og eins hjá leikfélögum sjálfum.

Minnir á að stjórnarmenn og fulltrúar félaga þurfi líka að vera dugleg að miðla upplýsingum til almennra félaga. Bendir á að hægt er að vera á póstlista BÍL þó maður sé ekki í stjórn.

Hörður stígur í pontu og segir skráningu í handritasafn hafa verið í ólestri í töluverðan tíma en þegar stöðugildi á skrifstofu var minnkað úr einu og hálfu starfi í eitt hefur skráning nýrra handrita ekki gengið sem skyldi. Þegar félög sækja um styrki þarf að senda inn ný handrit þannig að þau eru til en á eftir að setja inn í safnið. Stærsta vandamálið er að búa til útdrátt. Búið að gera töl sem greinir handrit fyrir okkur og dregur saman útdrátt.

Virðumst hafa dottið út af almannaeillaskrá en búið að kippa í liðinn.

Það var haldið námskeið í leikgerfum og förðun í vetur og möguleiki að gera meira í þeim efnum, verið er að skoða það.

Varðandi Kvasir og að gaman væri að sjá fjölda þeirra sem hafa starfað með áhugaleikfélögum landsins bendir Hörður á að það eru nú þegar komin inn yfir 3000 nöfn en það eru allir, höfundar, þýðendur og tæknifólk inn í þeim tölum, ekki bara leikarar. Kvasir er langtímaverkefni og von til að hægt verði að opna í næstu viku en gögnin eru enn í viðkvæmu ástandi. Fullt komið inn en fullt sem þarf að laga og fullt sem á eftir að setja inn. Spurning að sækja um til nýsköpunarsjóð til að fá manneskju til að vinna í þessu. Hugmynd um talnagögn varðandi styrki áhugaverðar en spurning hvernig þetta yrði framkvæmt.

Kennaralisti – þar er til leikstjóralisti á vef, hugsanlega flestir þeirra tilbúnir til að halda námskeið.

Varðandi Þjóðleikhúsið, það er enginn samningur til staðar. Þjóðleikhúsið einfaldlega býður einni sýningu í heimsókn og algjörlega undir þeim komið hvernig er staðið að þessu en Hörður er tilbúinn að setjast niður með Melkorku og ræða þessi mál. Varðandi upptökur af sýningum minnir hann á að það er til eitthvað til sem heitir höfundaréttur. Það ekki þar með sagt að þó að við séum með leyfi til að sýna á sviði að það leyfi gildi til að það megi sýna líka á netinu.

Stuttverkahátíð, Hörður rifjar upp leiklistarhátíð þar sem sett var á svið „leikrit“ þar sem leikarar komu frá mismunandi stöðum á landinu. Sagði að Júlli á Dalvík hefði staðið fyrir þessu, var einskonar morðgátuleikrit. Mjög skemmtilegt.

Hörður minntist á samninga við leikstjóra eða aðra listræna stjórnendur. Hvetur félög ef þau þekkja ekki leikstjóra sem er verið að ráða að hafa samband við önnur félög þar sem leikstjóri hefur starfað eða Hörð og afla sér upplýsinga.

Kemur með þá hugmynd að ef öll félög myndu borga kr. 500.- á mánuði frá og með næstu mánaðarmótum og til 2030 ættum við góðan sjóð til að halda leiklistarhátíð.

Elli kom upp, segir skólann aldrei hafa fengið jafn mikla athygli eins og í ár sem er ánægjulegt. Þau stýri fóru á milli hópa og margt útskýrt þar. Einhverjir töluðu um skólann 2 á ári og vildi Elli benda á að það er enginn á launum við þetta nema kennarar. Það er töluverð vinna sem liggur að baki því að stýra skólanum og þrátt fyrir að það sé dásamlegt þá myndu þau líklega ekki taka það að sér. Þarf pláss, meira sumarfrí og er í raun ekki gerlegt eins og staðan er í dag. Það eru hins vegar margir kennarar sem kenna við þennan skóla og sjálfsagt að hafa samband við þessa kennara og kanna möguleika á að koma og halda námskeið inni í félögunum. Segir það alltaf vera stefna skólans að hafa allavega eitt grunnnámskeið hvort sem það er í leiklist, leikstjórn eða leikritun. Skólanefnd er með lista yfir kennara og væri sniðugt að hafa lista á síðu BÍL eða bara að hafa samband við skólastýrin og spyrjast fyrir um kennara sem séu að halda námskeið. Kynning á skólanum – þúsundir sem hafa farið í gegnum skólann og mikilvægt að segja frá. Gæti verið sniðugt að félög sem hafa verið dugleg að senda nemendur í skólann bjóðist til að fara í nágrannafélögin sem ekki eru að senda nemendur til að kynna fyrir nágrönnum. Leiklistarskólinn á 30 ára afmæli á næsta ári og spurning hvað væri hægt að gera til að halda upp á það. Nokkrar umræður sköpuðust um hvort hægt væri að útvíkka, stækka skólann, hafa tvisvar á ári o.s.frv. og svör skólanefndar eru: þetta er alltaf í umræðu í skólanefnd og það verður brugðist við ef þetta verður viðvarandi ástand að það séu langir biðlistar á öll námskeið en eins og er stendur ekki til að stækka skólann.

KAFFIHLÉ 15 MÍN

11. **Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. einum aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.**

Kjörnefnd tilkynnir að sex framboð hafi borist til þeirra þriggja sæta í aðalstjórn sem eru laus.

Frambjóðendur kynna sig:

- Jóhanna flytur ræðu fyrir hönd Önnu Maríu sem er fjarverandi.
- Brynhildur Mosó, segist hafa mikla reynslu og góð í að sníkja.
- Daði Freyr Keflavík, er í varastjórn en vill laga kynjahlutfall í aðalstjórn.
- Halla Rún, Húsavík, best í geymslustjórn og skjalastjórn, verkefni Harðar steinliggur.
- Hanna Margrét, Halinn, er í aðalstjórn og vill starfa áfram, elskar leiklist.
- Hjördís, Kópavogur, vill helst vera á bakvið tjöldin, starfað nokkur ár innan hreyfingarinnar.

Tvö framboð hafa borist í varastjórn:

- Daði býður sig fram þar ef hann verður ekki kosinn í aðalstjórn.
- Pétur, Norðfirði, er í varastjórn með áratugareynslu af leiklistarstarfi.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar hafa borist þannig að haldið er áfram í næsta lið.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf leggur fram áframhaldandi tillögu um húsnæðismál og heimildir stjórnar varðandi það.

Tillaga lögð fram af stjórn BÍL á aðalfundi 2026 í Keflavík

„Aðalfundur BÍL gefur stjórn heimild til kaupa eða leigu á húsnæði ef aðstæður krefjast, þar sem óvissa er um framhald leigu í núverandi húsnæði. Jafnframt er veitt heimild til lántöku ef hentugt húsnæði finnst til kaupa. Ef stjórn afræður að kaupa húsnæði, skal svo fljótt sem auðið er boða til félagsfundar Bandalagsins og atkvæðagreiðslu um kaupin. Til að auðvelda og flýta ákvarðanatöku skal félögum standa til boða að taka þátt í fundinum á vefnum og greiða þar atkvæði. Umboð þetta gildir til næsta aðalfundar BÍL árið 2027.“

Ólöf útskýrir húsnæðissjóðinn og að heimildin sé aðeins gefin til eins árs í senn. Fundarstjóri opnar fyrir umræðu en engin kveður sér hljóðs og er tillagan því borin upp til atkvæða og er samþykkt samhljóða.

Hörður leggur til að haldin verði málfundur um skólann í haust:

„Stjórn BÍL boðar málþing um Leiklistarskóla BÍL haustið 2026. Fundurinn verði haldinn á höfuðborgarsvæðinu en einnig á vefnum fyrir þá sem ekki eiga heimangengt.“

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Stjórn leggur til að standa fyrir fræðslu til félaga um stjórnun.

Tillaga stjórnar:

„Fela stjórn að hefja vinnu við rafræna handbók um stjórnun leikfélaga og stefna að fyrstu útgáfu hennar fyrir næsta aðalfund.“

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Óli Þórðar leggur fram tillögu:

„76. aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til við stjórn bandalagsins að vinna að þeirri hugmynd að þau leikfélög sem sækja um sýningarstyrki geti valkvætt valið að setja 1% tekna af seldum miðum til reksturs NEATA hátíðar 2030.“

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri leggur til að gert verði stutt hlé svo stjórn geti komið með tillögu að starfsáætlun fyrir næsta ár.

14. Starfsáætlun afgangið

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Framlengja skipan starfsráðs sem heldur áfram vinnu við að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.
2. Að hefja frumvinnu að undirbúningi leiklistarhátíðar NEATA á Íslandi á áttæðisafmæli BÍL árið 2030.

Ólöf les upp starfsáætlun og er hún síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

15. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri býður kjörnefnd að stýra stjórnarkjöri.

Gerður les upp hverjir eru í framboði þriggja sæta í aðalstjórn.

- Anna María (Freyvangsleikhúsinu)
- Brynhildur (Leikfélagi Mosfellssveitar)
- Daði Freyr (Leikfélagi Keflavíkur)
- Halla Rún (Leikfélagi Húsavíkur)
- Hanna Margrét (Halaleikhópnum)
- Hjördís (Leikfélag Kópavogs)

Atkvæði falla þannig:

Anna María - 8 atkvæði

Brynhildur – 7 atkvæði

Daði Freyr – 9 atkvæði

Halla Rún – 12 atkvæði

Hanna Margrét – 8 atkvæði

Hjördís – 0 atkvæði

Kjósa þarf aftur á milli Önnu Maríu og Hönnu Margrétar þar sem atkvæði féllu jafnt.

Atkvæði í seinni kosningu féllu þannig:

Anna María – 7 atkvæði

Hanna Margrét – 9 atkvæði

Réttkjörin í aðalstjórn eru því eftirtalin

- Halla Rún
- Daði Freyr
- Hanna Margrét

Laus eru tvö sæti í varastjórn og þar sem Daði Freyr var kosinn í aðalstjórn, auglýst er eftir fleiri framboðum. Pétur (Leikfélagi Norðfjarðar) býður sig fram til áframhaldandi setu en við bætast Anna María og Brynhildur sem ekki hlutu kosningu í aðalstjórn.

Atkvæði falla þannig:

Anna María – 13 atkvæði

Brynhildur – 12 atkvæði

Pétur – 7 atkvæði

Réttkjörin í varastjórn eru því

- Anna María
- Brynhildur

Stjórnarkjóri er þar með lokið.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Kjörnefnd skipa Axel Vatnsdal, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Gerður Sigurðardóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir til vara. Hörður tekur til máls, segir að þau gefi öll kost á sér áfram og leggur til að kjörnefnd haldist óbreytt, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Ingvaldur Þórðardóttir og Örn Alexandersson eru skoðunarmenn reikninga og gefa þau kost á sér áfram. Til vara var Brynhildur Sveinsdóttir sem nú er orðinn varamaður í stjórn og því þarf að fá annan varamann. Eftir nokkrar umræður gefur Ásta Gísladóttir kost á sér sem varamaður og er það samþykkt samhljóða.

17. Ákveðið árgjald til bandalagsins.

Daði Freyr kynnir tillögu stjórnar að árgjaldi BÍL 2026-2027. Gjaldið var 102.000 kr. fyrir síðasta starfsár. Hækkun gjalda fylgir vísitölu neysluverðs sem var um það bil 5% á tímabilinu og því leggur stjórn til sambærilega hækkun á árgjaldi og hljóðar tillagan svona:

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2026-2027

„Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2026-2027 verði kr. 107.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálft gjald eða kr. 160.500 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 214.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálft árgjald eða kr. 53.500.“

Opnað er fyrir umræður en enginn biður um orðið og því er tillagan borin upp til atkvæða og er tillaga að breyttu árgjaldi samþykkt samhljóða.

18. Önnur mál

Sædís Ólöf frá Litla leikklúbbnum á Ísafirði kemur í pontu, segir frá fundum með Loga og fleiri í kjölfar að vera valin athygliverðasta áhugaleiksýning fyrir tveimur árum. Hún vitnaði í 15. gr. laga um Þjóðleikhúsið (58/1978) þar sem segir meðal annars: „Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeiningar, eftir því sem unnt er...“, fór í stuttu máli yfir ferlið og þær kvaðir sem lögðust á félagið bæði varðandi tímasetningu leiksýningar í Þjóðleikhúsinu sem og varðandi auglýsingar en þau þurftu sjálf að sjá um alla markaðssetningu á sýningunni. Voru heppin að vera með Þórhildi Þorleifs sem leikstjóra og Bergþór Pálsson í aðalhlutverki sem gerði það að verkum að það var hægt að kippa í einhverja spotta. Gátu ekki greitt gistingu fyrir leikhóp eða ferðir vegna kostnaðar þannig að leikhópur sá sjálfur um að standa straum af þeim kostnaði. Skipting á aðgangseyri er 50/50 og niðurstaðan var að þau komu út í tapi, ýmislegt gekk á og stjórn á barmi taugaáfalls. Sædís leggur til að sigurvegarar síðustu fjögurra ára taki saman hvað er gott og hvað má betur fara og að tekið verði saman, hver er ávinningurinn og hverjar kvaðirnar og að samtali eigi sér stað við Þjóðleikhúsið um framkvæmdina.

Hörður svarar þessari ósk, Þjóðleikhúsið hefur boðið einni áhugaleiksýningu til sín á hverju ári í rúm þrjátíu ár. Þetta er hugmynd Þjóðleikhússins að sýna áhugaleiksýningu í Þjóðleikhúsinu á hverju ári. Hörður segir fulla ástæðu til að ræða þetta en vill samt benda á að það er ekki í lögum að Þjóðleikhúsið sýni áhugaleiksýningu á fjarlægð heldur bara samstarf. Hér eftir verður dagsetning sýningardags ljós áður en opnað verður fyrir umsóknir. Telur fínt að félög fundi sem hafa farið en myndi vilja vera á þeim fundi og jafnvel stjórn Bandalagsins. Leggur til að stjórn komi með tillögu að tímasetningu á fundi og boði þessi félög á fjarfund. Hann myndi síðan funda með Þjóðleikhúsinu til að fá þeirra sjónarmið. Að finna lausn á þessu með Þjóðleikhúsinu er hið besta mál.

Baddi frá Freyvangsleikhúsinu talar um aukningu á notkun gervigreindar hjá leikfélögum við auglýsingagerð og þykir það miður. Telur fólk innan raða leikfélaganna nógu skapandi til að hanna þetta sjálf frekar en að nota gervigreind, hefur áhyggjur af þróun mála og veltir upp þeirri spurningu hvort þetta kemur til með að hafa áhrif á sköpun innan félaga. Gervigreind góð til síns brúks fyrir þjáarkavinnu eins og til að gera útdrætti og slíkt en að skapandi liðurinn í störfum félaga þurfi að vera áfram í höndum mannfólks.

Jóhanna kemur með gjaftilboð, fékk gefins lager úr saumabúð og langar að bjóða leikfélögum að hafa samband ef vantar eitthvað í saumaskap, engin efni en teygjur, franskir rennilásar, tölur, smellur o.s.frv. og fá gefins.

Jónheiður þakkar fyrir frábært samstarf í stjórn BÍL.

Ólöf þakkar Jónheiði og Pétri fyrir störf síðustu ára og býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Þakkar skólanefnd, starfsnefnd og afmælisnefnd fyrir þeirra störf. Þakkar Jóhönnu fyrir þróunamunstrið sem og saumahlutina. Sér samhug og einingu eftir fund dagsins og horfir með bjartsýni fram á veginn. Stuðpartý væntanlegt árið 2030. Jákvæðni, bjartsýni og vinátta. Allir tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Er sátt og við erum best !

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Fundarstjóri kallar eftir boði fyrir næsta aðalfund.

Leikfélag Vestmannaeyja býðst aftur til að halda þing með fyrirvara um að fyrsta helgi í maí gengur ekki.

Ólöf þakkar boðið en þessi helgi er alltaf dálítið heilög og það þarf að ræða þetta. Mjög rík hefð fyrir því að halda þetta fyrstu helgi.

Jónheiður hefur áhyggjur af því að ef þessu verður breytt að þá sé komin hefð fyrir að riðla þessu.

Sædís á Ísafirði sér ekkert því til fyrirstöðu að færa til í eitt skipti og Sigga Lára nefnir að þegar hún byrjaði að fara á þing þá voru þau haldin um hvítasunnuhelgi og því oft í byrjun júní. Þetta verður rætt á stjórnarfundum og niðurstaða send til félaga.

Ólöf þakkar fyrir góða fundasetu og þakkar Keflvíkum fyrir að taka svona fallega á móti okkur og slítur síðan fundi.

Fundargerð ritaði Fanney Valsdóttir